



Sjálfmyndin

Lestur 2

Verkefni

Nafn: _____



**Sjálfsmat: svarið þessum spurningum þegar
búið er að ljúka heftinu.**

Markmið	Já	nei
Ég les smáorð og léttan texta		
Ég les skýrt og greinilega		
Ég get svarað spurningum úr lestexta		
Ég vanda ritun og frágang		
Ég get skrifað orð/setningar eftir forskrift		
Ég get skrifað einföld orð eftir upplestri		
Ég get raðað orðum í setningu		
Ég veit hvenær á að nota stóra og litla stafi		
Ég get flett upp í orðabók		
Ég get valið mér sögu eftir áhuga		
Ég get hlustað á sögu og sagt frá		
Ég þekki nafnorð		
Ég þekki eintölu og fleirtölu		
Ég þekki kyn orða		

Sjálfmyndin

Lestu textann

Það er enginn eins og þú.
Þú ert strákur eða stelpa.
Þú átt þitt nafn.
Þú ert með þín augu.
Þú ert með þitt hár.
Þér finnst sumt betra en annað.
Þú átt þína drauma.
Þú ert það sem þú hugsar.
Mamma og pabbi eru foreldrar þínir.
Þú ert líkur mömmu eða pabba.
Mamma og pabbi segja þér hvað má og hvað má ekki.
Þú átt heimili.
Þú átt vini.
Vinir segja hvaða föt eru flott.

ég

drauma

vini

nafn

föt

mamma

pabbi

þú

Strikaðu undir þessi orð í textanum

Veldu orð til að skrifa 2x:

Spurningar	já	nei
1. Er einhver eins og þú?		
2. Ertu stelpa?		
3. Finnst þér sumt betra en annað?		
4. Átt þú vini?		

Sjálfmyndin

Lestu textann og veldu orð til að skrifa

Hver og einn er **sérstakur** og ólíkur öllum öðrum.

Þú heitir **ákveðnu** nafni.

Enginn í heiminum hefur nákvæmlega sömu **reynslu** og þú.

Enginn **hugsar** eins og þú.

Enginn **lítur út** eins og þú.

Enginn hefur sama **lífstíl** og þú.

Sjálfmynd er sú **hugmynd** sem þú hefur um sjálfan þig.

Persónuleiki mótast af öllum brotunum sem við erum sett saman úr.

Erfðir hafa áhrif á útlit okkar.

Ef foreldrar eru hávaxnir eru miklar líkur að þú verðir hávaxinn.

Umhverfið hefur líka áhrif á útlit okkar t.d. mataræði.


Næringarskortur hefur áhrif á hæðina.

Persónuleg sérkenni eru:

Skapgerð, útlit, klæðaburður og málfar.

Hópsérkenni tengjast:

Kyni, búsetu, þjóðerni og aldri.



Spurningar	já	nei
1. Er hver og einn sérstakur?		
2. Lítur einhver út eins og þú?		
3. Hafa erfðir áhrif á okkur?		
4. Hefur umhverfið áhrif á útlit þitt?		

Sjálfmyndin

Hlustaðu á upplestur og skrifadu orðin sem vantar á línurnar

Hver og einn ___ **sérstakur** og ólíkur öllum öðrum.

___ heitir **ákveðnu** nafni.

Enginn í heiminum _____ nákvæmlega sömu **reynslu** og þú.

Enginn _____ eins og þú.

Enginn **lítur út** _____ og þú.

Enginn hefur _____ **lífstíl** og þú.

Sjálfmynd er ___ **hugmynd** sem þú hefur um sjálfan _____.

Persónuleiki mótast af öllum brotunum sem við erum sett _____ úr.

Erfðir hafa áhrif á útlit _____.

Ef foreldrar eru hávaxnir _____ miklar líkur að þú _____ hávaxinn.

Umhverfið hefur líka áhrif á _____ okkar t.d. mataræði.

Næringarskortur hefur áhrif ___ hæðina.

Persónuleg sérkenni eru:

Skapgerð, útlit, klæðaburður _____ málfar.

Hópsérkenni tengjast:

Kyni, búsetu, þjóðerni og _____.


Orðabók: Flettu upp í orðabók og finndu orð sem byrja á þessum stöfum.



for	
bú	
per	
erf	
um	
ky	




Veldu 6 orð til að skrifa 2x:






Tengdu orð og mynd:



Hvaða orð vantar?

1. Það er enginn eins og _____.
2. Þú átt þitt _____.
3. Þú ert með þitt _____.
4. Þú átt þína _____.
5. Þú átt _____.




lesa




tengja



skrifa



Sagnorð



Sagnorð eða sagnir eru orð sem lýsa atburðum.
Þegar sögn er notuð ein og sér þá er **að** á undan
henni og þá endar orðið oftast á **-a**.

Að = nafnháttarmerki

að lesa að skrifa að syngja

Hægt er að setja sagnir bæði í nútíð og þátíð.

Pabbi les bókina.

Pabbi las bókina

Bættu við sagnorðum:



Barnið er að _____.



Börnin eru að _____.



Pabbi er að _____.



Mamma er að _____ gjöf.

fá

leika

gráta

lesa

Nútíð og þátíð: skrifaðu orðin á eyðurnar.

Ég **var** einu sinni út á sjó.

Núna _____ ég í landi.

Ég **hugsa** núna.

En ég hugsa _____ í gær.

Þú **þarft** að **borða**.

En ég _____ ekki að borða.

Ég er að **fara** út að **leika**.

Ég _____ út að leika.

Ég **hef** alltaf húfu.

Ég _____ húfu í vetur.

Ég **sagði** að þú _____ vinur minn.

Ég _____ að þú sért vinur minn.

Ég á heima á Selfossi.

En ég _____ heima í Reykjavík.

er

hugsaði

þarf

fór

leika

hafði

værir

segi

átti

Nafnorð



Nafnorð greinast í kyn.

Karlkyn – hann: hestur, fótbolti, bíll, stóll, steinn

Kvenkyn – hún: róla, bók, tónlist, kvikmynd

Hvorugkyn – það: barn, sjónvarp, spil, tafl.

hér er hann

hér er hún

hér er það

um hann

um hana

um það

frá honum

frá henni

frá því

til hans

til hennar

til þess

Kyn orða: Bættu við hann, hún, það eftir kyni orða.

Ég sá stelpu sem var að kafa í sundi.

_____ var mjög dugleg að kafa.

Í gær fór ég í göngu og sá hund skíta á

gangstéttina. _____ var ekki í ól.

Þetta var nú skrítið spil. _____ endaði aldrei!

Hefur þú hitt skólastjórnann? Nei, ég hef ekki hitt

_____. Hefur þú lesið Dagskrána? Já, ég

var að lesa _____. Hvað er í sjónvarpinu í

kvöld? _____ er gömul kvikmynd.

1

Nafnorð



Nafnorð greinast flest í eintölu og fleirtölu.

Nafnorð taka flest breytingum eftir því hvort þau tákna einn hlut eða fleiri.

Einn strákur – margir strákar.

Ein stúlka – margar stúlkur.

Eitt barn – mörg börn.

Eintala og fleirtala: Bættu við stöfum eftir tölu.

Einn bolti

margir bolt__r

Ein bók

margar b__kur

Eitt sjónvarp

mörg sjónv__rp

Einn fótur

margir f__tur

Ein mynd

margar mynd__r

Eitt auga

mörg aug__

Einn hringur

margir hring__r

Ein hugmynd

margar hugmynd__r

Eitt foreldri

margir foreldr__r